

95 20. júlí. Eptir að skrifazt hefir verið á út af þessu við aðalstjórn skattamála, skal til þóknunarlegrar leiðbeiningar þjónustusamlega tjáð, að samkvæmt hjá lögðum eptirritum¹ eptir álitsskjali frá yfirumsjónarmönnum tollheimtunnar í Kaupmannahöfn með fylgiskjali, sem aðal-skattamálastjórnin hefir útvegað, stendur líklega svo á þessum umrædda mun á farmskrárviktinni og tollskrárviktinni á rjólóbakinu, að af því að það er svo saggamikið, að það ljettist á skömmum tíma, setja þeir, sem senda vöru þessa frá sjer til sölu, viktina á henni á farmskránni minni en hún er í raun og veru, þegar hún er flutt af stað, til þess að komast undan umkvörtunum frá hálfu viðtakanda.

96 24. júlí. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um húsagjörð á umboðsjörð eptir bruna.* — Samkvæmt brjefi ráðgjafans frá 31. júlí f. á. hafði þjer, herra landshöfðingi, með þóknalegu brjefi frá 17. maí þ. á. sent hingað eptirrit eptir skodunargjörð og lýsingu á húsum á jörðunni Gröf, sem er í vesturhlutanum af jörðum Munkapverárklosturs, er nýlega hafa verið byggð upp eptir bruna og síðan afhent ábúendunum með þessari skodunargjörð, og í annan stað hafði þjer sent hingað skýrslu um útlát þau, er hin nauðsynlegu viðar kaup til húsagjörðarinnar hafa haft í för með sjer, og sem amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hafði leyft að greiða mætti úr sjóði klosturjarðanna, í von um samþykki ráðgjafans, og hafa þau síðan verið sett á reikninginn fyrir 1874 og eru talin 881 kr. 31 eyrir.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknunarlegrar leiðbeiningar og birtingar, meðal annars fyrir hlutaðeigandi reikningsskoðanda, að ráðgjafinn samþykkir eptir atvikum, að umgetinn byggingarkostnaður hefir verið greiddur úr umboðssjóði, þó að undanskildu því af hinni tilgreindu upphæð, er umboðsmaðurinn hefir reiknað sjer í þóknun fyrir eptirlit með húsagjörðinni, því eptirlit þetta hlaut að liggja á honum sem umboðsmanni, án sjerstaklegs endurgjalds.

97 11. ágúst. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um samskotasjóð Jóns Eiríkssonar.* — Samkvæmt bendingu háskólagjaldkerans hefir ráðgjafanum sýnt það rjettast, vegna breytingar þeirrar, sem orðin er á stjórn Íslands, að samskotasjóður Jóns Eiríkssonar handa prestum í Hólabiskupsdæmi, er áður var, sem til þessa hefir verið undir stjórn tjeðs gjaldkera, með yfirumsjón kirkju- og kennslumálastjórnarherrans, verði fluttur til Íslands, þannig, að honum verði stjórnað af yður, herra landshöfðingi, með yfirumsjón ráðgjafans fyrir Ísland. Samkvæmt skilagrein háskólagjaldkerans eru eignir sjóðsins fölgna í innritunarskríteini, ltr. L, fol. 31, er nemur 13,400 krónum, og 402 kr. í peningum, og eru það vextir fyrir missirið til 11. desbr. 1875 268 kr. og fyrir hálfmissirið til 11. marz þ. á. 134 kr.

Um leið og þetta er tjáð yður til þóknunarlegrar leiðbeiningar, birtingar fyrir biskupi og eptirbreytni, skal ekki undanfellt að senda umgetið innritunarskríteini, er búizt er við að

1) Í skjölum þessum er meðal annars yfirlýsing frá Nobel tóbaksspunamanni, þar sem hann skýrir frá, að það sje regla sín, að telja aldrei meir en 53 pd. í tóbaksströngli, þótt hann sje venjulega 6% þyngri, þegar hann er látinn úti, eða jafnvel eigi óvanalegt að viktin sje 8—9% meiri, ef tóbakið er sent af stað skömmu eptir að það er spunnið. Auk þess skýra yfirumsjónarmenn tollheimtunnar frá, að venjulegt sje að draga 15% frá viktinni á spunnu tóbaki, þegar reiknuð er út uppbótin fyrir tollinn af innfluttum, ónumum tóbaksblöðkum.

fá viðurkenningu yðar fyrir, og getið þjer, herra landshöfðingi, að tilhlutan fjárbagsstjórnarinnar fengið vextina frá 11. marz 1876 til 11. septbr. og 11. marz gjalddaga borgaða úr jarðabókarsjóði Íslands, og munið þjer einnig geta fengið greiddar úr sama sjóði framantaldar 402 kr. í peningum; og hefir landfógetanum verið ritað um það hjeðan það sem þarf.

Samkvæmt brjefum kirkju- og kennslustjórnarinnar frá 21. febr.¹ og 23. ágúst 1866 til biskupsins yfir Íslandi skal öllum vöxtum af sjóðnum varið til að bæta upp þessi 4 prestaköll í Hóla biskupsdæmi, sem áður var: Grímsey, Þönglabakka, Knappstaði og Hvanneyri, þó þannig, að prestarnir í öðrum brauðum, er hingað til hafa fengið styrk af vöxtum sjóðsins, haldi honum eptirleiðis, meðan þeir eru kyrrir í þeim brauðum, en að styrkurinn falli niður, þegar brauðin losna, og skulið þjer því þjónustusamlega beðnir að greiða þóknanlega á hverju ári biskupnum yfir Íslandi vexti sjóðsins, gegn kvittun hans, til útbýtingar meðal tjedra brauða.

— *Brjef landshöfðingja til sjslumannsins í Skagafjarðarsýslu um sendingu á ógiltum peningum.* — Í þóknanlegu brjefi frá 22. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, spurt, hvort yður sje leyfilegt að nota þjónustupóstmerki til að koma gömlum peningum (spesum og ríkisdöllum), sem einstakir menn vilja fá skipt fyrir krónupeninga, eins og að nokkru leyti átti sjer stað um aurnpeninga. **98**
5. septbr.

Út af þessu skal yður til vitundar gefið, að eins og jeg verð að álita það skyldu hvers gjaldheimtumanns, að stuðla sem mest að því, að hin lögboðna peningabreyting komist sem fyrst á um allt land, þannig sje jeg því ekkert til fyrirstöðu, að nota þjónustumerki undir sendingar þær, er þjer hafið um getið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um rannsókn á veikindum á skepnum í Múlasýslum.* — Eptir að þjer, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi frá 24. f. m. höfðuð tjáð yður fúsan á að veita 200 kr. tillag til að launa dýralækni Snorra Jónssyni og nokkra þóknun fyrir ferðakostnað og lækningar hans í norður- og austurumdæminu, ef hann, eins og hann hafði stungið upp á, ferðast nú í haust austur í Múlasýslur og dvelur þar vetrarlangt, yfirvaldinu til aðstoðar við rannsókn á bráðafári og öðrum veikindum á skepnum, er fyrir kynni að koma, hef jeg fallizt á þessa uppástungu, og lagt fyrir dýralæknirinn að bera sig saman við yður um, hvern aðsetursstað hann eigi að kjósa sjer, og hvernig hann eigi að láta yfirvaldinu í tje aðstoð þá, er hjer ræðir um. Ber honum fyrir þetta starf auk launa þeirra, er honum eru lögð úr landssjóði um árin 1876—77 (600 kr. árlega), áminnst tillag úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins, og verður hann þar að auki að koma sjer saman við yður, herra amtmaður, um ferðakostnaðarþóknun þá, er hann enn fremur getur átt von á fyrir aðstoð þá, er hann lætur yfirvaldinu í tje. **99**
6. septbr.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um undanþágur undan fjárrekstrarbanni.* — Í þóknanlegu brjefi frá í gær hafið **100**
9. septbr.

2) Brjef þetta er prentað í „Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands“ II bls. 306—7, sbr. brjef 18. febr. 1865 í sama bindi bls. 144—5.